

Viljayfirlýsing

um samstarf varðandi

uppbyggingu og rekstur athafnasvæðis til móttöku, niðurdælingar og bindingar CO₂

milli

Sveitarfélagsins Ölfus,

Hafnarsjóðs Þorlákshafnar (kt: 420190-1909),

Carbfix hf.,

Coda Terminal hf.

og

Veitna ohf.

31 jan - 2025

Carbfix hf., kt. 531022-0840, Coda Terminal hf., kt. 520422-0210, Sveitarfélagið Ölfus, kt. 420369-7009, Hafnarsjóður Þorlákshafnar, kt. 420190-1909, og Veitur ohf., kt. 501213-1870, (sameiginlega vísað til sem „aðilar“), gera með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um:

Samstarf um uppbyggingu og rekstur athafnasvæðis til móttöku, niðurdælingar og bindingar á CO₂.

1. gr.

Tildrög og tilgangur

Sveitarfélagið Ölfus vinnur að uppbyggingu atvinnulífs innan sveitarfélagsins til samræmis við eigin auðlindastefnu þar sem áhersla er lögð á sjálfbæran vöxt hins græna og bláa hagkerfis. Í iðngörðum sem nú eru að byggjast upp í nágrenni Þorlákshafnar og við frekari uppbyggingu hafnarmannvirkja á svæðinu er horft til stuðnings við uppbyggingu matvælaframleiðslu, stórra alþjóðlegra verkefna til vöruþróunar og/eða nýsköpunar í samstarfi við fyrirtæki og frumkvöðla.

Carbfix hf. vinnur að þróun og uppbyggingu móttökustöðva fyrir koldíoxíð (CO₂) sem verður varanlega bundið í berg með Carbfix tækninni. Verkefnin hafa fengið nafnið Coda Terminal eða Coda stöðvar og verða þau rekin af félaginu Coda Terminal hf., dótturfélagi Carbfix hf., en bæði tilheyra félögin samstæðu Orkuveitunnar.

Carbfix tæknin felur í sér að leysa CO₂ í vatni, þannig að til verður sóðavatn, og dæla því niður í berglög þar sem það hvarfast við bergtegundir eins og basalt og myndar varanlega stöðugar karbónat steindir. Ungt basískt gosberg, eins og það sem er að finna á fyrirhuguðu athafnasvæði Carbfix í Ölfusi, eins og það er skilgreint í Viðauka 5 við viljayfirlýsingu þessa, er afar hagfelld til nýtingar á Carbfix tækninni. Því eru góðar líkur á að allar aðstæður séu fyrir hendi fyrir til þess að byggja og reka Coda stöð á svæðinu með tilheyrandi ávinningi fyrir loftslag, efnahag og samfélag. Með þegar áformaðri uppbyggingu Þorlákshafnar, mun höfnin verða fær um að taka við þeim skipum og þeirri tíðni skipakoma sem Coda stöðin krefst.

Coda stöðin mun skapa ávinning fyrir sveitarfélagið, íbúa þess og fyrirtæki til langs tíma, þ.m.t. ný og fjölbreytt störf, tekjur vegna nýtingar á lóðum, aðstöðu og þjónustu, þ.m.t. á hafnarsvæði, auk tekna vegna vatnsnotkunar.

Aðilar eru sammála um að starfsemi Coda stöðvar geti fallið vel að markmiðum Ölfuss um uppbyggingu á svæðinu enda verði tryggt að hún samræmist vel annarri starfsemi og að fyrirhuguð uppbygging verði í samræmi við orku- og auðlindastefnu sveitarfélagsins. Sjálfbær nýting orku og annarra auðlinda verður leiðarljós í þróun og rekstri stöðvarinnar og verður leitað leiða til að hámarka samlegðaráhrif sem stuðlað geta að bættri nýtingu ólíkra auðlindastrauma í anda hringrásarhugsunar.

Aðilar viljayfirlýsingar þessarar lýsa nú yfir vilja til að, taka upp markvissar viðræður með það að markmiði að kanna möguleika þess að ráðast í þær aðgerðir sem þörf er á til að undirbúa uppbyggingu Coda stöðvar á svæðinu, hvort heldur þær aðgerðir snúi beint að móttöku CO₂ í eða við hafnarmannvirki, svæðum þar sem fyrirhugað er að dæla niður CO₂ uppleystu vatni, samskipta- og kynningarmálum eða öðru samstarfi eins og nánar greinir í viljayfirlýsingu þessari. Markmiðið

sem stefnt er að, er að skapa sameiginlegt virði á breiðum grunni og stuðla að sem bestum rekstrarskilyrðum fyrir starfsemi Coda stöðvar á svæðinu samhliða því að horfa til þess að undirbyggja samlegð með annarri núverandi og fyrirhugaðri starfsemi. Sérstök áhersla verður lögð á að tryggja að möguleg starfsemi tengd Coda stöðvum valdi ekki skaða fyrir byggð eða aðra atvinnustefni heldur styðji við vöxt og velferð og þar með meginmarkmið aðalskipulags Sveitarfélags Ölfuss um að stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla íbúa.

2. gr.

Stefnumörkun og nánari útfærsla

Aðilar munu vinna saman að stefnumörkun og frekari útfærslu á staðsetningu mannvirkja, samskipta- og kynningarmála, skipulags- og leyfisferla og viðskiptalegra samninga. Stefnt er að því að unnið verði í samræmi við eftirfarandi tímalínu:

1. Samskipta- og kynningarvinna gagnvart íbúum og hagaðilum hefst samhliða undirritun viljayfirlýsingar til samræmis við viðauka 1. Uppfærð samskipta- og kynningaráætlun liggja fyrir 6 vikum frá undirritun viljayfirlýsingar.
2. Staðsetning mannvirkja og borteiga liggja fyrir 8 vikum frá undirritun viljayfirlýsingar auk tímalínu og ábyrgðarskiptingar skipulags- og leyfisvinnu sem er forsenda leyfa fyrir starfsemi Coda stöðvar á svæðinu.
3. Áform um varmaöflun og drög að samþættingu auðlindanýtingar á svæðinu liggja fyrir eigi síðar en 12 vikum frá undirritun viljayfirlýsingar.
4. Undirbúningar matsáætlunar umhverfismats hefst samhliða undirritun viljayfirlýsingar og gerir Carbfix ráð fyrir að henni verði skilað til Skipulagsstofnunar á fyrsta ársfjórðungi ársins 2025. Áætlun og tímalína skipulagsbreytinga sem ráðast þarf í mun liggja fyrir eigi síðar en við skil matsáætlunar.
5. Mótun vöktunaráætlunar á umhverfisþáttum hefst samhliða undirritun viljayfirlýsingar og gerir Carbfix ráð fyrir að vöktun grunnástands svæðis hefjist eigi síðar en 12 vikum síðar.
6. Viðræður um gjöld tengd lóðum, gatnagerð, hafnaraðstöðu og -þjónustu, vatnsnotkun o.fl. hefjast samhliða undirritun viljayfirlýsingarinnar með það fyrir augum að samningar liggja fyrir 8 vikum frá undirritun. Útgangspunktur viðræðnanna er að skapa sameiginlegt samfélagslegt og efnahagslegt virði á breiðum grunni með loftslagsmarkmið í forgrunni.

Settur skal á fót sameiginlegur starfshópur um verkefnið sem í sitja 3 frá Carbfix og 3 frá Ölfusi. Fulltrúi Carbfix í starfshópnum mun taka að sér verkefnisstjórnunarhlutverk. Hlutverk og umboð starfshópsins er tilgreint í viðauka 2.

3. gr.

Verkaskipting og hlutverk

Carbfix hf. og Coda Terminal hf.

Carbfix og Coda Terminal skulu tryggja framvindu og undirritun bindandi langtímasamninga við viðskiptavini sem vilja nýta sér CO₂ móttöku- og bindingarþjónustu í Coda stöðinni sem er fyrirhuguð á svæðinu. Samningar sem tryggja tekjuflæði til 15 ára skulu liggja fyrir áður en endanleg fjárfestingarákvörðun (e. Final Investment Decision, FID) liggur fyrir. Listi yfir fyrirtæki sem unnið verði með að förgun CO₂ í Ölfusi verður gerður opinber [þegar endanlegir samningar liggja fyrir](#) og miða kröfur Carbfix að því að velja ábyrga samstarfsaðila sem stefna að minni losun.

Carbfix og Coda Terminal geta hafa milligöngu um greiðslu þjónustu- og hafnargjalda vegna skipakoma óski Ölfus þess að semja við einn aðila frekar en beint við hvern og einn aðila sem mun nýta sér þjónustu Coda stöðvar og hafnarinnar.

Carbfix og Coda Terminal munu tryggja skilvirka vinnu og framvindu undirbúnings og vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og halda aðilum viljayfirlýsingar upplýstum um framvindu. Mótun vöktunaráætlunar er hluti af vinnu við umhverfismat.

Carbfix og Coda Terminal skulu undirrita samning við Þorlákshöfn um afnot og aðstöðu til affermingar og meðhöndlunar CO₂ í eða í nágrenni við hafnarbakka. Aðilar semja um þóknun fyrir nýtingu viðlegukants og tilhögun gjaldtöku, sem og fyrirkomulag þess forgangs sem skip með CO₂, til förgunar af hálfu Coda stöðvarinnar skulu njóta.

Carbfix hf. og Coda Terminal hf. munu greiða gatnagerðargjald, og eftir atvikum önnur gjöld og kostnað af úthlutuðum lóðum sem og undirrita lóðarleigusamninga og samninga um afnot lóða (Hafnarsamning) í samræmi við viðeigandi reglur, svo fljótt sem verða má, m.a. m.t.t. þess að lóðir hafi verið stofnaðar.

Carbfix hf. og Coda Terminal hf. skulu bera kostnað af sinni undirbúningsvinnu in solidum, þ.e. kostnað sem Carbfix hf. og Coda Terminal hf. bera vegna leyfisumsókna sinna, þ.m.t. allan hefðbundinn kostnað sem aðilar greiða vegna umhverfismats og breytinga á skipulagsáætlunum.

Sveitarfélagið Ölfus og Hafnarsjóður Þorlákshafnar

Sveitarfélagið Ölfus lýsir sig reiðubúið til að veita Carbfix hf. liðsinni við að finna starfseminni hentugt landssvæði fyrir Coda Terminal verkefnið. Sveitarfélagið lýsir sig vijlugt til að vinna með Carbfix hf. að kynningu verkefnisins meðal bæjarbúa og hagaðila sem og viðaeigandi skipulagsbreytingum í þágu verkefnisins. Sveitarfélagið skuldbindur sig jafnframt gagnvart íbúum, að standa fyrir kynningu á niðurstöðum sem birtast í gögnum um umhverfismat, eftir atvikum í samstarfi við umsagnaraðila. Þá munu aðilar samkomulagsins vinna saman að því að leysa þær áskoranir sem skipulags- og leyfisferli fela í sér að því gefnu að verkefnið uppfylli öll skilyrði skipulagslaga, laga um umhverfismat og annarra laga og reglna sem um verkefnið gilda.

Eftir að umhverfismats- og skipulagsferli verkefnisins hefur verið lokið mun sveitarfélagið veita þau framkvæmda-, byggingar- og önnur þau leyfi sem nauðsynleg eru til þess að verkefnið geti orðið að veruleika, með fyrirvara um íbúakosningar ef eftir því er kallað í samræmi við 66. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Ölfus.

Þá mun sveitarfélagið vinna með fyrirtækinu að því að afla nauðsynlegra leyfa vegna vatnsöflunar og niðurdælingarhola með þeim fyrirvara að ekki sé hætt á mengun eða oftöku vatns úr grunnvatnshloti.

Ölfus og Hafnarsjóður Þorlákshafnar leitast eftir því að tryggja að Carbfix hf. og Coda Terminal fái afhent til sinnar starfsemi fullnægjandi landrými í eða í námunda við Þorlákshöfn og að Carbfix hf. og Coda Terminal hafi einkarétt til þess til gerðs svæðis sem tekur á móti skipum með CO₂, auk forræðis á aðgangsstýringu að athafnasvæði Carbfix hf. og Coda Terminal á eða í nágrenni hafnarsvæðis.

Ölfus og Hafnarsjóður Þorlákshafnar leitast eftir því að tryggja að hafnarmannvirki uppfylli þær lágmarkskröfur sem eru nauðsynlegar fyrir uppbyggingu og rekstur Coda stöðvar, sem nánar verður útfært og umsamið í framhaldsvinnu.

Til að Carbfix hf. og Coda Terminal geti lokið mati á umhverfisáhrifum þurfa Ölfus og Hafnarsjóður Þorlákshafnar að sjá til þess að Carbfix hf. og Coda Terminal fái úthlutað lóðum, á líftíma Coda Terminal verkefnisins, en gert er ráð fyrir að líftími Coda Terminal verkefnisins sé til 30 ára. Gert er ráð fyrir að lóðarleigusamningar verði gerðir til a.m.k. 30 ára með framlengingarheimildum til 5 ára í senn, hvað varðar starfsemi á hafnarsvæði og hins vegar lóðum undir borteiga sem tilgreindar eru í mati á umhverfisáhrifum Coda Terminal.

Að loknum líftíma verkefnisins fellur það í hlut Carbfix hf. og Coda Terminal að taka niður, fjarlægja búnað og ganga frá athafnasvæðinu á viðunandi hátt.

Veitur ohf.

Veitur reka m.a. hitaveitur og fara með einkaleyfi til starfrækslu hitaveitu í Þorlákshöfn. Það er vilji og ætlan fyrirtækisins að afla og afhenda varma til starfsemi Coda Terminal.

4. gr.

Opinberir leyfisferlar og skipulagsvinna

Aðilar munu vinna saman að undirbúningi skipulagsbreytinga fyrir svæðið sem og annarra leyfa sem framkvæmdin þarfnast. Stefnt er að því að unnið verði í samræmi við tímaáætlun, sem liggja mun fyrir samhliða skilum á matsáætlun umhverfismats.

5. gr.

Framkvæmdir í kjölfar skipulagsvinnu - Framkvæmdaáætlun

Fyrirhuguð framkvæmdaáætlun mun liggja fyrir samhliða skilum á umhverfismatsskýrslu framkvæmdar til Skipulagsstofnunar. Carbfix og Coda Terminal munu leitast við að hefja framkvæmdir í takt við framkvæmdaráætlun þegar viðeigandi leyfi liggja fyrir af hálfu sveitarfélagsins og annarra leyfisveitanda í kjölfar umhverfismats.

6. gr.

Skilyrði

Breyting á eignarhaldi eða rekstrarfyrirkomulagi og framsal réttinda

Ölfus og Hafnarsjóður Þorlákshafnar lýsa því að verði breyting á rekstrarfyrirkomulagi eða félagaformi hafnarmannvirkja á svæðinu, verði réttindi Carbfix hf. og Coda Terminal hf. samkvæmt viljayfirlýsingu þessari áfram tryggð.

Carbfix hf. og Coda Terminal hf. er ekki heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt viljayfirlýsingu þessari nema með fyrirfram skriflegu samþykki Ölfus. Carbfix hf. og Coda Terminal hf. skal þó heimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum til móður-, systur og dótturfélaga sinna.

Samráð og upplýsingaskipti

Aðilar skulu eftir fremsta megni og í góðri trú upplýsa gagnaðila um málefni er varða viljayfirlýsingu þessa og framgang verkefna og verkliða. Aðilar skulu, komi ósk frá einum þeirra, halda reglulega verkfundi með því starfsfólki hvers aðila sem nauðsynlegt er talið hverju sinni. Aðilar skulu leita eftir og veita gagnaðila þá aðstoð sem þörf er á hverju sinni til að tryggja skilvirkan framgang þeirra verkefna sem viljayfirlýsing þessi fjallar um.

Aðilar skuldbinda sig til að upplýsa hver annan og hafa samráð sín á milli áður en gefnar eru út opinberar yfirlýsingar í tengslum við samstarfið sem lýst er í þessari viljayfirlýsingu. Viljayfirlýsingin verður birt í heild sinni á heimasíðu Ölfus um leið og hún hefur verið undirrituð.

Tengiliðir aðila vegna viljayfirlýsingar þessarar eru:

Ölfus: Nafn: _____ netfang: _____

Hafnarsjóður Þorlákshafnar: Nafn: _____ netfang: _____

Carbfix hf.: Edda Sif Pind Aradóttir, netfang: edda.aradottir@carbfix.com

Coda Terminal hf.: Nafn: Kristinn Ingi Lárusson, netfang: kristinn.ingi.larusson@carbfix.com

Veitur ohf.: Nafn: Sólrún Kristjánsdóttir, netfang: solrun.kristjansdottir@veitur.is

Yfirlýsing þessi er ekki lagalega bindandi samningur en lýsir sameiginlegum vilja allra aðila til að vinna saman að þeim markmiðum sem sett eru fram hér að ofan. Í framhaldi af yfirlýsingunni skuldbinda allir aðilar sig til að taka þátt í frekari viðræðum með það að markmiði að semja um og staðfesta hlutverk, ábyrgð og samningsskilmála.

Undirritun og eintök viljayfirlýsingar

Öllu framanrituðu til staðfestu rita fyrirvarsmenn aðila undir viljayfirlýsingu þessa . Undirritaðir lýsa því yfir að þeir hafi fullt umboð til að undirrita viljayfirlýsinguna fyrir aðila hönd.

Viljayfirlýsingin er gerð í fimm samhljóða eintökum og skal hver aðila halda einu eintaki.

Ölfus, þann 31. Janúar 2025

fh. Ölfus

fh. Hafnarsjóðar Þorlákshafnar

fh. Carbfix hf.

fh. Coda Terminal hf.

fh. Veitna

VIÐAUKAR

Fyrirvari: Viðaukar þessir eru enn drög í vinnslu og er gert ráð fyrir því að þeir taki breytingum eftir því sem undirbúningsvinnu vindur fram. Þeir eru þó settir fram á þessu stigi með það fyrir augum að aðilar séu upplýstir og samstíga um framvindu verkefnisins, sem og hvers er þörf til að ljúka hinu sameiginlega verkefni farsællega.

Efni viðauka þessara er háð trúnaði, sökum þess að þeir fela í sér iðnaðarupplýsingar um starfsemi Carbfix hf. og Coda Terminal hf. sem enn er í þróun. Sé óskað þess að efni viðauka sé deilt með öðrum en aðilum að viljayfirlýsingu, skal sá aðili sem ekki er eigandi iðnaðarupplýsinga, leita samþykkis gagnaðila til að deila umræddum upplýsingum. Getur sá aðili sem er eigandi upplýsinga eftir atvikum þá hreinsað skjal af þeim upplýsingum sem teljast háðar trúnaði, svo fært sé að deila skjali með þriðja aðila.

Viðauki 1.

Kynningar- og samskiptaáætlun Carbfix hf. og Coda Terminal hf. fyrir Þorlákshöfn og Ölfus

1. Almennt

Megintilgangur samskiptaáætlunar Coda verkefnisins verður að tryggja að skýrum skilaboðum sé komið til skila til viðeigandi markhópa, tímanlega eftir því sem verkefninu vindur áfram og með því að nota árangursríkar leiðir og miðla. Hvort sem er svæðisbundið, á landsvísu eða á alþjóðlegum vettvangi. Samskiptin byggjast á heilindum og ábyrgð sem samsvarar gildum og stefnu Carbfix og er lögð áhersla á samtal og þátttöku með nærsamfélaginu. Samskiptaáætlanir þurfa að vera skilvirkar og aðlagast eftir því sem verkefnið þróast og færast áfram.

Nánar tiltekið eru markmiðin í samskiptaáætluninni:

- Að tengjast nærsamfélaginu með virkri þátttöku Carbfix á fundum í sveitarfélaginu, samkomum og gegnum miðla á svæðinu og gefa rými og tækifæri til umræðu.
 - Lögð verður áhersla á reglulega samtalsfundi fyrir íbúa, samtök og fyrirtæki um mótun verkefnis og uppbyggingu sem Carbfix býður til og auglýsir á svæðinu. Á þeim verður boðið upp á tækifæri til að hafa áhrif á verkefnið og kallaðir til sérfræðingar til að fara yfir þá þætti sem óskað er eftir.
 - Carbfix mun einnig leggja áherslu á viðveru í sveitarfélaginu til að svara spurningum og taka þátt í umræðum sem óskað er eftir á vegum íbúa, fyrirtækja, stofnana og félagsam-taka.
- Að tilgreina tækifæri og áskoranir fyrir alla hagaðila á sem skýrastan hátt með tilliti til efnahagslegra, umhverfis-, og samfélagslegra þátta.
 - Til að ná vel yfir álit hagaðila á svæðinu sem skilgreindir eru í kafla 2.2 verður stofnað Hagaðilaráð sem öllum stendur til boða að ganga í þar sem verður formlegur vettvangur reglulegra funda ásamt fundargerðum þar sem framgangur og þróun verkefnis væri kynnt og rædd.
 - Gegnum Hagaðilaráð verður hægt að kynna stöðu verkefnisins út frá skipulagsmálum, niðurstöðum rannsókna á svæðinu og almennum framgangi þess ásamt þeim efnum sem meðlimir leggja fram.
- Útskýra hvernig Coda stöðvar geta lagt sitt af mörkum til að hafa veruleg jákvæð áhrif í loftslagsmálum.
- Að auka almenna vitund um nauðsyn þess að sporna við aukinni losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja stuðning almennings við það verkefni.
 - Carbfix hefur í yfir áratug átt í farsælu og merkilegu samstarfi við sveitarfélagið Ölfus sem veður leiðandi í bindingu gróðurhúsalofttegunda á landsvísu. Í Helligheiðarvirkjun gefst frábært tækifæri til að taka á móti skólahópum og öðrum hópum um þann árangur sem náðst hefur á svæðinu og áhrif hans víðar í heimi.
- Að vekja athygli á þeim tækifærum sem nýsköpun og innleiðing í loftslagstækni geta fært hagsmu-naaðilum.
- Að vekja athygli á tækifærum Íslands í grænum umskiptum sem leiðandi afl á heimsvísu.

2.1. Lykilskilaboð

Við framkvæmd áætlunarinnar verður fyrst og fremst horft til miðlunar upplýsinga og lykilskilaboða til markhópa. Það er mikilvægt fyrir árangur samskiptanna að hafa þau samhljóma og vel skiljanleg og því verður gætt að því að kjarni skilaboða leiti alltaf til gilda Carbfix um heilindi og ábyrgð.

Hér helstu skilaboðin sem Carbfix teymið stefnir að því að veita:

- Carbfix tæknin við að binda koldíoxíð er sönnuð, örugg og varanleg. Tæknin hefur verið vottuð og sannreynð af óháðum þriðju aðilum og verið í þróun og rekstri vel á annan áratug í Ölfusi.
- Hún er byggð á náttúrulegum ferlum sem er hraðað til að binda CO₂ varanlega í stein og Coda stöð í Þorlákshöfn verður í forystu á heimsvísu þegar kemur að hugviti og tækniþekkingu í bindingu meðal annars með því að taka á móti CO₂ með tankskipum.
- Starfsemin byggir upp loftslagsvænan iðnað sem byggir á grænni nýsköpun og með jákvæð áhrif á loftslag. Kolefnisbinding mun skapa verðmæt störf og getur orðið mjög umfangsmikil útflutningsgrein.
- Coda stöð í Þorlákshöfn mun farga um 1-3 milljónum tonna af koltvísýringi á ári með hagkvæmri tækni sem þarf eingöngu vatn/jarðsjó, varma og rafmagn. Umhverfisáhrifin eru óveruleg þar sem tæknin flýttir fyrir náttúrulegum ferlum kolefnishringrásarinnar.
- Koltvísýringur verður fluttur inn til landsins undir þrýstingi frá sérhönnuðum skipum þar sem ávinningur er 95% af binding þrátt fyrir losun skipanna.
- Alþjóðaorkumálastofnunin (IEA) og Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna (IPCC) hafa áætlað að föngun og binding CO₂ í stórum stíl sé ómissandi til að ná loftslagsmarkmiðum okkar. Carbfix tæknin er lykilaðili til að ná þeim markmiðum.
- Hvers vegna CO₂ binding á Íslandi? Á Íslandi eru kjöraðstæður til varanlegrar og öruggar kolefnisbindingar með niðurdælingu í basaltbergi og gnægð af vatni sem eru ekki til staðar alls staðar þar sem þarf að fanga CO₂.
- Gerðir eru langtímasamningar við ábyrg fyrirtæki sem verða í samstarfi við Carbfix og eru verkefni til áratuga þar sem mikil þörf er fyrir bæði föngun og bindingu frá iðnaði eða úr andrúmslofti.

2.2. Markhópar

Til að tryggja árangursríka framkvæmd Coda stöðva verkefnisins verður stefnt að þátttöku hagaðila allan líftíma verkefnisins.

Eftirfarandi atriði verða í forgrunni

- A. Hagaðilagreining og forgangsröðun.
- B. Stefna varðandi þátttöku og samskipti.

Mikilvægt er að hagaðilar þekki verkefnið og fái upplýsingar um sem flesta þætti þess, ávinning og áhættur.

Til að tryggja markviss og skilvirk samskipti um fyrirhuguð áhrif verkefnisins eru tilgreindir hagaðilar og mikilvægi skilgreint í samskiptaáætlun Coda (sjá töflu 1).

Á grundvelli slíkrar hagaðilagreiningar eru helstu hópar meðal annars:

- 1) Almennigur í Ölfusi.
- 2) Stjórnvöld og ríkisstofnanir ásamt öðrum sveitarfélögum.
- 3) Frjáls félagasamtök og hagsmunasamtök þ.m.t. umhverfis- og stjórn-málasamtök.
- 4) Fyrirtæki og rekstraraðilar á svæðinu.

- 5) Skólar og rannsóknarstofnanir, þ.m.t. nemendur í grunnskólum í sveitarfélaginu Ölfusi.
- 6) Fjölmíðlar.
- 7) Samstarfsaðilar í virðiskeðjunni.
- 8) Alþjóðleg stjórnvöld

Á undirbúnings- og uppbyggingartíma verða haldnir reglulegir umræðufundir og kynningar með hagaðilum til að tryggja gott aðgengi að upplýsingum um verkefnið og þá þætti sem unnið er að hverju sinni. Carbfix nýtur góðs af fjölmiðlaumfjöllun héraendis og erlendis og hefur hlotið fjölda virtra alþjóðlegra verðlauna.

2.3. Miðlar

Coda samskiptaáætlunin verður stöðugt uppfærð, þar á meðal almenn stefna og markmið fyrir næstu tíma-bil. Ennfremur mun Coda miðlunarstarfsemi halda áfram eftir að verkefninu lýkur. Helstu miðlar og notkun þeirra verður:

- **Vefsíður** – Sérstök vefsíða verður sett á laggirnar fyrir verkefnið í Þorlákshöfn. Þetta verður helsta gagnasafn upplýsinga fyrir hagaðila. Þá verða ennfremur boðið upp á póstlista þar sem helstu fréttir verða settar fram.
- **Samfélagsmiðlar** – Fréttir, myndrænt efni og upplýsingar um verkefnið verða aðgengilegar á LinkedIn og Facebook til að geta náð til breiðari markhóps.
- **Kynningarefni**: Prentað efni á vegum Carbfix, auglýsingar og pistlar í miðlum svæðisins ásamt stærri miðlum verða nýtt til að auka líkur á að koma skilaboðum til skila.
- **Þátttaka í viðburðum**: Opnir fundir verða fyrir nærsamfélagið þrisvar á ári hið minnsta, hvatt verður til þátttöku í sérstöku Hagsmunaráði Coda stöðvar í Þorlákshöfn þar sem öllum verður frjálst að taka þátt og sérstaklega hvatt leiðtoga í samfélaginu að taka þátt.

Tafla 1. Lýsing á samskiptaáæðgerðum Carbfix og áætlaðri tímalínu þeirra.

Virgni	Rás	Lýsing
Almenn upplýsingaveita	Vefir	<p>Stafrænir fjölmiðlar Carbfix og Coda stöðva verða helsta samskiptatækið fyrir verkefnið og veita greiðan aðgang að allri birtanlegri þróun verkefnisins, stöðu þess, niðurstöðum og öðrum málum. Stafrænir miðlar verða á íslensku og ensku.</p> <p>Þar verður að finna meðal annars:</p> <ol style="list-style-type: none"> (1) Samantekt á umfangi, framkvæmd og árangri verkefnisins. (2) Fréttatilkynningar: Upplýsingar á fréttiformi. (3) Almenn kynning: Almenn lýsing á Coda stöðvum. (4) Infographic staðreyndablað um verkefnið, sjónrænar skýringar og greiður aðgang að lykiltölum og staðreyndum. (4) Listi yfir algengar spurningar sem verða aðgengilegar á vefsíðum Carbfix.

		(5) Höfundarréttarlausar ljósmyndir og myndskaið.
Fréttir og tilkynningar	Fjölmiðlar (dagblöð, útvarp, sjónvarp)	Hugað verður sérstaklega að aðgengilegu efni á netinu samanber kynningar á netinu að ofan. Að auki verður teymi stjórnenda Carbfix aðgengilegt fjölmiðlafólki fyrir viðtöl. Enn fremur mun samskiptadeild Carbfix tryggja að helstu áfangar fái fréttatilkynningu sem dreift verður á landsvísu. Stuttar greinar eftir forsvarsmenn Carbfix og samstarfsaðila um starfsemi Coda stöðva verða birtar reglulega og aðgengilegar á heimasíðu og samfélagsmiðlum.
Þátttaka nærsamfélagsins	Hagsmunaráð Coda stöðva	Carbfix hefur sett á laggirnar hagsmunaráð Coda stöðva en megintilgangur þess er að skapa vettvang fyrir samræður milli hagsmunaaðila í samfélaginu um uppbyggingu Coda stöðva og ræða hvernig best sé að tryggja að framkvæmd og rekstur verkefnisins verði í sátt við samfélagið og nærumhverfinu til hagsbóta. Fundargögn eru birt á heimasíðu verkefnisins og verða haldin reglulega.
Mælingar	Kannanir	Reglulegar kannanir á þekkingu á og viðhorfi til Carbfix og Coda stöðvar. Niðurstöður könnunar halda áfram að leiðbeina aðlögun og endurbótum á samskiptastefnunni.

Viðauki 2.

Sameiginlegur starfshópur

Settur skal á fót sameiginlegur starfshópur um verkefnið sem í sitja 3 frá Carbfix og 3 frá Ölfusi. Fulltrúi Carbfix í starfshópnum mun taka að sér verkefnisstjórnunarhlutverk og fundarritun. Lagt er upp með að halda vel utan um framvindu verkefnis með fundargerðum um efni til álita eða ákvörðunar.

Sveitarfélagið Ölfus mun fela Ölfus Cluster aðkomu að stýrihópnum ásamt starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs og bæjarstjóra. Kostnaðarþátttaka Carbfix vegna starfs Ölfus Cluster vegna verkefnisins verður skilgreind síðar. Að öðru leyti mun hvor aðili fyrir sig bera kostnað af vinnuframlagi starfshópsins.

Hlutverk starfshópsins er að stýra og halda utan um vinnu við verkefnið, tryggja sameiginlega heildaryfirsýn á ólíka vinnustrauma, framgang tímalína og skilvirk samskipti. Starfshópurinn skal að lágmarki hittast á tveggja vikna fresti, þegar þörf er á örari fundum vegna verkefnisvinnu skal hópurinn bregðast við með viðeigandi hætti. Allir aðilar hafa rétt á að kalla til sérfræðinga til að styðja við vinnu á fundum starfshóps eftir því sem þörf er á.

Starfshópurinn verður skipaður eftirfarandi 3 aðilum frá Carbfix: yfirverkefnisstjóra, ábyrgðaraðila skipulags- og leyfismál og samskiptastjóra.

Starfshópurinn verður skipaður eftirfarandi 3 aðilum frá Ölfusi:

